

Fimmtudaginn 19. október 1995.

Nr. 93/1994.

Geirlaug Sigurðardóttir

(Ragnar Halldór Hall hrl.)

gegn

St. Jósefsspítala

(Logi Guðbrandsson hrl.)

Ráðningarsamningur. Biðlaun. Opinberir starfsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1994. Krefst hún þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 993.462 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, eins og nánar greinir í héraðsdómi. Auk þess krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi var félagi í Starfsmannafélagi ríkisstofnana (SFR), sem gerði samning 16. nóvember 1984 og annan sama efnis 5. maí 1987 við stefnda vegna þeirra félaga sinna, er störfuðu hjá honum. Samkvæmt samningunum skyldu kjör félagsmanna SFR hjá stefnda vera í samræmi við kjarasamning félagsins og fjármálaráðherra, og réttindi og skyldur áttu að vera hliðstæð því, sem mælt er fyrir um í lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Óumdeilt er í málinu, að samningur þessi tók til áfrýjanda. Samkvæmt greinargerðum stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti verður málflutningur hans skilinn svo, að viðurkennt sé, að 14. gr. laga nr. 38/1954 geti átt við um stöðu áfrýjanda, ef skilyrðum greinarinnar er fullnægt. Að því athuguðu er fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að staða áfrýjanda hafi verið lögð niður. Ber að meta skyldur stefnda með hliðstæðum hætti og skyldur ríkisins samkvæmt lagaákvæðinu.

II.

Stefndi heldur því fram, að áfrýjanda hafi verið boðin endurráðning hjá honum, en því hafi hún hafnað. Þessu mótmælir áfrýjandi. Því til stuðnings hefur hún lagt fram bréf eða minnisblað stefnda til SFR 9. apríl 1992 með lista yfir þá félagsmenn, „sem ekki verða endurráðnir“, og er nafn áfrýjanda þar á meðal. Við tvö nafnanna á listanum er tekið fram, að starfsmanni hafi verið boðin endurráðning, en það á ekki við um nafn áfrýjanda. Í framburði áfrýjanda fyrir dómi kom fram, að hún hefði, eftir að henni var ljóst, að ekki var gert ráð fyrir endurráðningu hennar, haft samband við Borgarspítalann að eigin frumkvæði til að leita eftir starfi. Síðar hefði hún rætt við Gunnar Má Hauksson, rekstrarstjóra stefnda, og telur hún, að það hafi verið um miðjan aprílmánuð. Hafi Gunnar Már þá verið búinn að fréttu, að hún hefði fengið starf hjá Borgarspítalanum, en talað um, að hann hefði haft starf fyrir hana. Það hafi aldrei komist svo langt, að rætt hafi verið um, hvaða starf það væri.

Gunnar Már Hauksson skýrði svo frá fyrir dómi, að áfrýjandi hefði verið búin að ráða sig til Borgarspítalans, er hún kom til hans, og ekki haft áhuga á starfi hjá stefnda, sem hann hafi talið koma til greina. Aðspurður kvaðst hann ekki geta sagt, að hann hefði boðið henni starf, en hún hefði lýst því eindregið yfir, að hún hefði ekki áhuga á þessari vinnu.

Af hálfu Gunnars Má kom ekki fram, hvenær umrætt samtal fór fram. Þykir bera að miða við samkvæmt framburði áfrýjanda, að það hafi ekki farið fram fyrr en um miðjan aprílmánuð, en uppsagnarfrestur áfrýjanda rann út 30. apríl. Verður því að líta svo á, að fyrir miðjan apríl hafi ekkert legið fyrir af hálfu stefnda um endurráðningu áfrýjanda. Stefndi hefur ekki sýnt óyggjandi fram á, að eftir þann tíma hafi hann boðið henni ákveðna stöðu, sambærilega hinni fyrri, og þykja viðbrögð stefndu í framangreindu viðtali í ljósi aðstæðna ekki verða metin sem höfnun slíkrar stöðu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ráðning áfrýjanda hjá Borgarspítalanum, þar sem hún hóf störf sem læknaritari í byrjun maí 1992, jafngildi ráðningu samkvæmt 5. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954. Þessu mótmælir áfrýjandi og kveður það starf hafa verið mjög ólíkt fyrri starfi, laun hafi verið lægri, og auk þess hafi hún flust í annað stéttarfélag og annan lífeyrissjóð. Þegar lítið er til þessara

fullyrðinga, sem ekki hefur verið hnekkkt af hálfu stefnda, ber að fallast á mótmæli áfrýjanda, og verður þessi málsástæða stefnda því ekki tekin til greina.

III.

Samkvæmt framansögðu þykir áfrýjandi eiga rétt til biðlauna úr hendi stefnda. Kröfugerð sína miðar áfrýjandi við föst laun auk fastrar yfirvinnu, sem nam 10 klukkustundum á mánuði, og desemberuppbótar samkvæmt kjarasamningi. Þá miðar hún við tólf mánaða biðlaun samkvæmt l. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954, þar sem samannlagður starfstími hennar hjá ríkinu og stefnda hafi verið rúmlega 18 ár, en áfrýjandi hóf störf hjá stefnda 15. janúar 1984 og hafði því starfað þar rúmlega átta ár, er hún lét af störfum. Stefndi telur, að eingöngu eigi að miða við starfstíma áfrýjanda hjá honum, og beri þá aðeins að greiða biðlaun í sex mánuði samkvæmt ákvæðinu. Einnig heldur stefndi því fram, að uppsagnarfrestur eigi að teljast til biðlaunatíma, og eigi því að miða við 1. febrúar 1992, er uppsagnarfrestur hófst.

Með hliðsjón af samningi stefnda og SFR, sem áður er getið, svo og því, að ómótmælt er, að við launagreiðslur til áfrýjanda hafi stefndi miðað við samannlagðan starfsaldur hennar hjá honum og ríkinu, verður sá starfsaldur lagður til grundvallar. Hins vegar ber að líta til þess tilgangs biðlaunareglu 14. gr. laga nr. 38/1954 samkvæmt greinargerð með frumvarpi að lögunum að tryggja starfsmanni laun, sem svara ríflegum uppsagnarfresti, þegar staða hans er lögð niður. Þykir því rétt, að þriggja mánaða uppsagnarfrestur áfrýjanda teljist til tólf mánaða biðlaunatímans. Samkvæmt því ber stefnda að greiða áfrýjanda biðlaun í níu mánuði frá 1. maí 1992 að telja, þ. e. til janúarloka 1993.

Fallast ber á þá kröfu áfrýjanda, að fastar greiðslur vegna yfirvinnu svo og desemberuppbót 1992 og hlutfall af desemberuppbót 1993 skuli reikna með biðlaunum. Laun áfrýjanda með fastri yfirvinnu námu 80.720 krónum á mánuði, og laun í níu mánuði því 726.480 krónum. Til viðbótar kemur desemberuppbót 1992, 16.548 krónur, og hlutfall desemberuppbótar 1993, 1.379 krónur. Er ekki ágreiningur um, að leggja meg þessar fjárhæðir til grundvallar. Ber

stefnda samkvæmt þessu að greiða áfrýjanda 744.407 krónur samtals með dráttarvöxtum, eins og nánar segir í dómsorði.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Stefndi, St. Jósefsspítali, greiði áfrýjanda, Geirlaugu Sigurðardóttur, 744.407 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 sem hér segir: af 80.720 krónum frá 1. maí 1992 til 1. júní sama ár, af 161.440 krónum frá þeim degi til 1. júlí sama ár, af 242.160 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, af 322.880 krónum frá þeim degi til 1. september sama ár, af 403.600 krónum frá þeim degi til 1. október sama ár, af 484.320 krónum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, af 565.040 krónum frá þeim degi til 1. desember sama ár, af 645.760 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1993 og af 744.407 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. desember 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. nóvember sl., er höfðað með framlagningu skjala í dómi 18. maí sl.

Stefnandi er Geirlaug Sigurðardóttir, kt. 010933-4719, til heimilis að Furugerði 19, Reykjavík.

Stefndi er St. Jósefsspítali, kt. 710169-5949, Ægisgötu 26, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 993.462 krónur með dráttarvöxtum [...].

Þá er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti samkvæmt heimild í 12. gr. vaxtalaga, í fyrsta sinn 1. maí 1993.

Einnig krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins úr hendi stefnanda.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnda verði dæmdur málskostnaður af hálfu stefnanda samkvæmt viðmiðunargjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir.

St. Jósefsspítali er sjálfseignarstofnun og rekur Landakotsspítalann í Reykjavík. Stefnandi varð starfsmaður spítalans 15. janúar 1984. Hún var allan starfstíma sinn félagsmaður í Starfsmannafélagi ríkisstofnana (SFR) og tók laun samkvæmt tilteknum launaflokki í samræmi við það.

Með bréfi, dagsettu 27. janúar 1992, var stefnanda sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara, og í samræmi við það hætti hún störfum 30. apríl það ár. Í uppsagnarbréfinu kemur fram, að óhjákvæmilegt sé að draga saman rekstur spítalans síðari hluta árs 1992 vegna mikillar lækkunar á framlögum til spítalans á fjárlögum ársins 1992. Verði rekstur stofnunarinnar endurskipulagður og síðan endurráðnir eins margir starfsmenn og unnt verði.

Stefnandi telur ástæðu uppsagnarinnar vera þá, að ákveðið hafi verið að fækka stöðum á spítalanum og staða hennar verið lögð niður.

Málsástæður og réttarheimildir, sem aðilar bera fyrir sig.

Af hálfu stefnanda er skírskotað til þess, að hún hafi sem starfsmaður St. Jósefsspítala, Landakoti, haft hliðstæð réttindi og borið samsvarandi skyldur og þeir, sem falla beint undir ákvæði laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þótt hún hafi ekki verið ríkisstarfsmaður, komi þetta skýrt fram í ráðningarsamningi sínum. Þar er Starfsmannafélag ríkisstofnana tilgreint sem stéttarfélag hennar, en þar er einnig svofellt ákvæði:

Um launagreiðslur, launaflokk og starfsaldur til launa fer eftir því, sem í samningi þessum greinir, og samkvæmt kjarasamningi þess stéttarfélags, sem tilgreint er að ofan, eins og hann er á hverjum tíma, enda sé starfið á samningssviði stéttarfélagsins og starfsmaðurinn hafi rétt til aðildar að stéttarfélaginu samkvæmt samþykktum þess.

Stefndi og Starfsmannafélag ríkisstofnana gerðu 5. maí 1987 sérstakan samning í tíu greinum. Í 1. grein hans segir, að samningurinn taki til þeirra starfsmanna St. Jósefsspítala, „sem eru félagar í Starfsmannafélagi ríkisstofnana eða í stéttarfélögum innan þess, og eru þeir nefndir félagsmenn í samningi þessum“. 5. gr. samnings þessa er svohljóðandi:

Réttindi og skyldur félagsmanna skulu vera hliðstæð ákvæðum laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Stefnandi telur af þessu ljóst, að um rétt sinn til biðlauna gildi sömu reglur og gilda um ríkisstarfsmenn, og ráðist sá réttur af efni laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Samkvæmt 14. gr. þeirra laga eigi þeir, sem lögín taka til, rétt til biðlauna í tólf mánuði, hafi þeir starfað

samtals fimmtán ár við störf, sem veita rétt til biðlauna. Stefnandi telur augljóst af áðurgreindum samnings- og lagaákvæðum, að við ákvörðun biðlauna sér til handa verði að leggja saman starfstíma sinn hjá ríkisstofnunum og hjá stefnda. Stefnandi hafi unnið hjá ýmsum ríkisstofnunum við störf, sem veita henni rétt til biðlauna, áður en hún hóf starf hjá stefnda, t. d. hjá Ríkisspítölum, Sakadómi Reykjavíkur og Skipaútgerð ríkisins. Þegar þjónustutími hennar hjá þessum aðilum sé lagður við starfstíma hennar hjá stefnda, sé sá starfsaldur, sem biðlaunarétturinn ráðist af, orðinn meiri en 18 ár. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954 beri henni því biðlaun í tólf mánuði, frá því að staða hennar var lögð niður. Biðlaunaréttur samkvæmt þessu lagaákvæði sé skýr og skerðist aðeins samkvæmt beinum ákvæðum laga-greinarinnar, þ. e., ef starfsmaður hafni annarri sambærilegri stöðu hjá vinnuveitandanum. Þetta eigi ekki við hér, því að stefnanda hafi ekki verið boðin nein staða, sem skert gæti biðlaunarétt hennar, eftir að henni var sagt upp störfum hjá stefnda.

Stefnandi telur biðlaun eins og þau, sem mælt er fyrir um í 14. gr. laga nr. 38/1954, vera lögákveðnar bætur til starfsmanns, sem sagt er upp starfi vegna þess, að staða sú, sem hann hefur gegnt, er lögð niður.

Stefnandi telur ekki leika á því nokkurn vafa, að ástæða þess, að henni var sagt upp starfi sínu, sé sú, að ákvörðun hafi verið tekin um að leggja stöðu hennar niður. Þetta sé skýrt tekið fram í uppsagnarbréfi til hennar, sem reifað er efnislega hér að framan.

Stefnandi kveður fjárhæð kröfu sinnar miðast við föst laun, er hún hefði haft hjá stefnda á þeim tíma, sem krafist er biðlauna fyrir, svo og kaupauka, sem hún hefði hlotið á þeim tíma samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsmannafélags ríkisstofnana. Hún hefði tekið laun samkvæmt launaflokki 237 – 8. þrepi. Starfshlutfall hennar hafi verið 100% og mánaðarlaun 73.382 kr. samkvæmt þeim launaflokki. Að auki hafi stefnandi ávallt fengið greidda fasta yfirvinnu, sem svaraði 10 klst. á yfirvinnukaupi á mánuði án sérstaks vinnuframlags. Yfirvinnukaupið hafi á biðlaunatímanum verið 7.338 kr. á mánuði. Samkvæmt þessu hefðu föst laun hennar í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954 á biðlaunatímabilinu því verið 80.720 kr. á mánuði.

Þessu til viðbótar eigi stefnandi að fá greidda desemberuppbót samkvæmt grein 1.7. í kjarasamningi, 16.548 kr., á gjalddaga í desember 1992 og vegna ársins 1993 8.274 kr. á gjalddaga í lok biðlaunatímabilsins. (Full desemberuppbót reiknast 30% af launum samkvæmt launaflokki 244 – 6. þrepi, en fyrir hluta úr ári er reiknað hlutfallslega.)

Um vaxtakröfur sínar vísar stefnandi til ákvæða III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Um málskostnaðarkröfu sína vísar stefnandi til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Við ákvörðun málskostnaðar ber að taka tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt á málflutningsþóknun. Stefnandi mun leggja fram málskostnaðarreikning undir rekstri málsins.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að skilyrði þess, að krafa um biðlaun stofnist, sé, að staða hafi verið lögð niður, en það skilyrði skorti hér.

Í 14. gr. laga nr. 38/1954 sé gert ráð fyrir því, að verði ekki um að ræða greiðslu biðlauna, ef starfsmaður tekur við nýju starfi í þjónustu ríkisins. Í samningi St. Jósefsspítala og Starfsmannafélags ríkisstofnana segi, að félagar skuli njóta réttinda, sem séu „hliðstæð“ við réttindi samkvæmt lögum. Verði því að telja, að sams konar starf hjá sams konar stofnun sé nægilegt til þess, að biðlaun falli niður. Í samkomulagi, sem gert hafi verið á milli stefnda og Borgarspítala, hafi verið gert ráð fyrir því, að starfsmenn stefnda nytu forgangs um störf hjá Borgarspítala.

Stefnandi hafi ráðist til sams konar starfa og hún hafði gegnt hjá stefnda á Borgarspítalanum fyrir meðalgöngu stefnda og samkvæmt nefndu samkomulagi.

Pá hafi stefnandi hafið störf á St. Jósefsspítala 15. janúar 1984 og því ekki verið búin að vinna fimmtán ár hjá stefnda, er henni var sagt upp störfum, miðað við 30. apríl 1992. Er því mótmælt, að hún eigi rétt á biðlaunum í tólf mánuði.

Pá er fjárhæð kröfu mótmælt með því, að samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954 eigi að jafnaði aðeins að greiða föst laun.

Pá er þess krafist, að upphafstími biðlaunagreiðslu verði 1. febrúar 1992 og að greidd laun í uppsagnarfresti dragist frá kröfunni.

Pá er mótmælt vaxtakröfu af þeim hluta launanna, sem þegar sé greiddur.

Forsendur og niðurstaða.

Á fundi í framkvæmdastjórn stefnda 24. janúar 1992 var eftirfarandi bókun lögð fram:

„Framkvæmdastjórn samþykkir að heimila framkvæmdastjóra að undirbúa uppsagnir allra starfsmanna St. Jósefsspítala fyrir næstu mánaðamót að höfðu samráði við yfirstjórn. Áður en samþykkt þessi komi til framkvæmda, sé ráðuneytum heilbrigðismála og fjármála kynnt sú staða, sem spítalinn stendur frammi fyrir í ljósi þeirra fjárveitinga, sem veittar hafa verið til starfsemi hans á yfirstandandi ári.“

Á fundi í yfirstjórn stefnda 28. janúar 1992 var bókað, að framkvæmdastjóri skýrði þá ákvörðun framkvæmdastjórnar að heimila framkvæmda-

stjóra að höfðu samráði við yfirstjórn að segja upp öllu starfsfólki spítalans frá næstu mánaðamótum að telja.

Á fundi í fulltrúaráði stefnda 29. janúar 1992 var eftirfarandi m. a. bókað:

„Framkvæmdastjórn hefur samþykkt tillögu um, að öllu starfslíði spítalans verði sagt upp störfum og síðan endurráðið eftir endurskipulagningu.“

Bókanir þar, sem gerðar voru á fundi framkvæmdastjórnar 24. janúar 1992 og á fundi yfirstjórnar 28. sama mánaðar, voru bornar undir fulltrúaráðið og samþykktar þar.

Aðgerðir þær í starfsmannahaldi, sem hér er fjallað um, voru beinlínis gerðar í því skyni að spara í rekstri stofnunarinnar. Hlaut því til þess að koma, að einhverjar stöður yrðu lagðar niður.

Í 14. gr. starfsmannalaga er ekki að finna skilgreiningu á því, hvað átt sé við með niðurlagningu stöðu. Í athugasemdum við 14. gr. frumvarps til starfsmannalaga segir þó, að átt sé t. d. við þau tilvik, þegar staða er lögð niður af sparnaðarástæðum.

Stefnandi gegndi starfi lækna ritara og bar starfsheitið lækna fulltrúi samkvæmt ráðningarsamningi, og var starfshlutfall hennar 100%.

Samkvæmt yfirliti um fjölda starfsmanna, sem lagt var fram á dskj. nr. 21, kemur fram, að stöðum lækna ritara fækkaði úr 15,30 í 10,30 frá árslokum 1991 til ársloka 1992, og í skýrslu stefnanda kom fram, að hún hefði starfað ásamt tveimur öðrum lækna riturum við að skrifa fyrir allar deildir utan röntgendeild og að öll störfin hefðu verið lögð niður.

Ekki hefur verið sýnt fram á það í málinu, að endurráðið hafi verið í þá stöðu, er stefnandi gegndi, og verður því fallist á það með stefnanda, að staðan hafi verið lögð niður í skilningi starfsmannalaganna.

Í skýrslu vitnisins Gunnars Más Haukssonar, sem var rekstrarstjóri á Landakoti, er atvik máls þessa urðu, kom fram, að hann hefði haft samband við skrifstofustjóra Borgarspítalans til þess að útvega stefnanda vinnu. Hafi verið tekið mjög vel í það. Stefnandi hafi síðan talað við skrifstofustjórnann og byrjað að vinna á Borgarspítalanum upp úr þessu. Þá sagði vitnið, að komið hefði fram hjá stefnanda, að hún hefði ekki haft áhuga á því að halda áfram að starfa á Landakoti, svo að ekki hefði til þess komið, að henni hefði verið boðin staða þar.

Um þetta sagði stefnandi, að ekki hefði verið komið svo langt, að sér hefði verið boðin staða á Landakoti; reyndar hefði rekstrarstjórninn sagt við sig, að hann hefði starf handa sér, en hann hefði verið að tala við skrifstofustjórnann á Borgarspítalanum og stefnandi verið búin að ráða sig í vinnu þar.

Framburður stefnanda og vitnisins Gunnars Más benda eindregið til

þess, að stefnandi hafi ekki kært sig um starf hjá stefnda, enda þótt hún hafi átt kost á því, og verður að líta svo á, að skilyrði lokamálsliðar 1. mgr. 14. gr. starfsmannalaga sé ekki fullnægt, og ber því að sýkna stefnda af biðlaunakröfu stefnanda.

Rétt þykir að fella niður málskostnað á milli aðila.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, St. Jósefsspítali, skal sýkn af öllum kröfum stefnanda, Geirlaugar Sigurðardóttur.

Málskostnaður fellur niður.
